

Ed.

729. Frumvarp til laga

[396. mál]

um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–1986.)

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 30. gr. komi nýr staflíður, svohljóðandi:

e. heimilt að innheimta sérstakt jöfnunargjald af innfluttum búvörum, sbr. 2. gr., og vörum unnum úr þeim. Gjald þetta skal greitt af tollverði hinnar innfluttu vöru og má á hámarki ákveða gjaldið annaðhvort þannig að:

1. samanlagt tollverð og jöfnunargjald hinnar innfluttu vöru miðað við meðaltal innflutningsverðs viðkomandi vöru eða vöruflokks síðasta almanaksmánuð, sé ekki hærra en heildsöluverð sömu vöru án álagningar, þegar það er ákveðið skv. 13.–15. gr. á innlendri framleiðslu

2. eða lagt sé allt að 200% gjald á tollverð hinnar innfluttu vöru, sé heildsöluverð viðkomandi framleiðsluvöru hér á landi ekki ákveðið skv. 13.–15. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu jöfnunargjalds og hvaða vörur skuli gjaldskyldar. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um innheimtu á jöfnunargjaldi skv. þessum staflíð. Tekjur af gjaldi þessu skulu renna í ríkissjóð. Ákvæði 2. mgr. 35. gr. gilda ekki um ákvarðanir skv. þessum staflíð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 30. gr. 1. nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eru landbúnaðarráðherra veittar tiltekna heimildir til að hafa stjórn á framleiðslu búvara þannig að hún verði í samræmi við tilgang laganna eins og hann kemur fram í 1. gr. þeirra. Þar segir m. a. að það sé tilgangur laganna að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu.

Vegna náttúruafars og legu landsins er ekki unnt að tryggja nægjanlegt vöruframboð allt árið á vissum tegundum búvara, t. d. garðávöxtum, grænmeti og oft kartöflum. Verður því að flytja þessar vörur inn en í ýmsum tilvikum eru hinar erlendu vörur greiddar niður verulega af þarlendum stjórnvöldum. Þegar innlend framleiðsla er enn á markaði raskar innflutningur þessara vara því mjög samkeppnisaðstöðu innlendu framleiðslunnar og skerðir möguleika innlendra framleiðenda til að tryggja nægjanlegt vöruframboð í framtíðinni. Þessar aðstæður hafa m. a. gert þeim innlendu fyrirtækjum sem vinna úr kartöflum erfitt fyrir í samkeppni við niðurgreidda framleiðslu erlendis frá.

Í tillögugreininni er lagt til að landbúnaðarráðherra verði veitt heimild til að leggja sérstakt jöfnunargjald á innfluttar búvörur sem lið í stjórn búvöruframleiðslunnar og því að ná fram áður nefndum tilgangi laga nr. 46/1985. Kveðið er á um að hámark gjaldsins geti verið tvenns konar, eftir því hvort heildsöluverð á sömu vöru sem framleidd er hér á landi sé ákveðið skv. 13.–15. gr. 1. nr. 46/1985 eða ekki. Liggi slík verðákvörðun fyrir fer um hámark gjaldsins eftir 1. tl., en sé heildsöluverð þessarar tilteknu vörutegundar ekki ákveðið af fimmmannefnd eða nefndin hefur undanþegið hana verðlagningarákvæðum sk. 13.–15. gr., sbr. 16. gr., fer um hámark gjaldsins eftir 2. tl.

Um innheimtu gjaldsins fer eftir hliðstæðum reglum og nú eru í 1. nr. 46/1985 um innheimtu fóðurgjalda, nema hvað ekki er talin ástæða að binda þessa heimild því að ráðherra hafi áður leitað tillagna þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2. mgr. 35. gr. laganna.